

Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2018

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2018 er 13,14%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2018:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,49%
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,25 % af fasteignamati og er innheimt með fasteignagjöldum.
- **Sorphirðugjald**
Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 31.000
Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 13.000.
Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 3.500
Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- **Rotþróargjald**
Rotþróargjald er kr. 11.650,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2018 verða 8 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samannburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	3.548.000	100%
3.548.001	3.883.000	80%
3.883.001	4.231.000	50%
4.231.001	5.048.000	25%

Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	5.624.000	100%
5.624.001	6.427.000	80%
6.427.001	6.830.000	50%
6.830.001	7.097.000	25%

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Skúli Þórðarson
Sveitarstjóri